

Opin Kerfi Group hf.

**Ársreikningur
2006**

Opin Kerfi Group hf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Kt. 530891-1439

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar	3	Eiginfjáryfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðenda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6	Yfirlit	23

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla en hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með sölu á tölvubúnaði, rágjöf og tengdri þjónustu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Opin Kerfi Group hf. og dótturfélaga, sem voru fjögur á árinu

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 76 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 13.099 millj. kr. á tímabilinu. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 1.778 millj. kr. og heildareignir 6.144 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins nam í árslok 209 millj.kr. Hlutfé í árslok er allt í eigu Opinna Kerfa Group Holding hf. eins og í upphafi árs.

Stjórn og forstjóri Opin Kerfi Group hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2007

Í stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Opinna Kerfa Group hf.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Opinna Kerfa Group hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 22. mars 2007

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Seldar vörur og þjónusta		13.099.057	11.516.016
Kostnaðarverð seldra vara		8.644.598	7.642.169
Laun og launatengd gjöld	6	3.237.687	2.659.370
Annar rekstrarkostnaður		949.467	834.980
		12.831.752	11.136.519
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (e. EBITDA)		267.305	379.497
Afskriftir.....	12	(85.328)	(76.227)
Hrein fjármagnsgjöld.....	9	(92.071)	(47.375)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna		0	876
Hagnaður fyrir tekjuskatt		89.906	256.771
Tekjuskattur.....	10	(13.741)	(42.135)
Hagnaður ársins	5	76.165	214.636
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár		0,36	1,03

Skýringar á blaðsíðum 9 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	156.412	137.111
Óefnislegar eignir	13	2.578.253	1.978.261
Eignarhlutir í öðrum félögum	14	1.514	1.514
Aðrar eignir		0	4.921
Fastafjármunir samtals		2.736.179	2.121.807
Vörubirgðir		392.988	269.567
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	2.831.053	2.273.852
Handbært fé		183.617	268.830
Veltufjármunir samtals		3.407.658	2.812.249
Eignir samtals		6.143.837	4.934.056
Eigið fé:			
Hlutfé	16	208.921	208.921
Yfirverðsreikningur		833.410	833.410
Annað bundið eigið fé.....		99.210	(137.774)
Óráðstafað eigið fé		636.711	560.546
Eigið fé samtals		1.778.251	1.465.103
Skuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding.....	17	6.730	5.463
Vaxtaberandi langtímalán	18	1.177.339	1.054.478
Langtímaskuldir samtals		1.184.070	1.059.941
Vaxtaberandi skammtímalán		418.630	190.901
Næsta árs afborganir langtímalána.....	19	236.292	179.458
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	2.526.594	2.038.653
Skammtímaskuldir samtals		3.181.516	2.409.012
Skuldir samtals		4.365.586	3.468.953
Eigið fé og skuldir samtals		6.143.837	4.934.056

Skýringar á blaðsíðum 9 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningi.

Eiginfjárfirlit árið 2006

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2005	208.921	833.410	529	345.910	1.388.770
Gengisáhrif erlendra dótturfélaga			(138.303)		(138.303)
Hagnaður ársins				214.636	214.636
Eigið fé 1.1.2006	208.921	833.410	(137.774)	560.546	1.465.103
Gengisáhrif erlendra dótturfélaga			236.983		236.983
Hagnaður ársins				76.165	76.165
Eigið fé 31.12.2006	208.921	833.410	99.209	636.711	1.778.251

Skýringar á blaðsíðum 9 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningi.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins.....		76.165	214.636
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi		137.800	63.303
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(187.456)	53.683
Greidd vaxtagjöld	(60.359)	(76.015)
Greiddur tekjuskattur		0	(21.193)
Handbært fé (til) frá rekstri	(<u>33.849)</u>	<u>234.414</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir umfram selda	(47.567)	(64.345)
Fjárfest í langtímakostnaði og viðskiptavild.....	(38.820.884)	0
Söluverð eignarhluta í félögum		0	33.738
Fjárfesting í öðrum félögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé		0	(149.778)
Keypt verðbréf umfram seld		0	900
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>86.388)</u>	<u>(179.485)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný langtímalán		27.587	884.448
Greiddar afborganir langtímalána	(219.365)	(800.895)
Skammtímalán, breyting		226.802	(33.544)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>35.024</u>	<u>50.009</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(85.213)	104.938
Handbært fé í ársbyrjun		<u>268.830</u>	<u>163.892</u>
Handbært fé í árslok		<u>183.617</u>	<u>268.830</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 22 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðureikningi.

Skýringar

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

1. Félagið

Opin Kerfi Group hf. er með lögheimili að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2006 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

Hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með sölu á tölvubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 22. mars 2007.

b. *Grundvöllur matsaðferða*

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirðis í skýringu 4.

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

d. *Mat og ákvarðanir*

Gerð ársreikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar er í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

Upplýsingar um mikilvæg atriði þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er í eftirfarandi skýringum:

Skýring 15 – fjárfesting í dótturfélögum

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

3. Frh.:

a. *Grundvöllur samstæðu*

(i) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(ii) *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga, í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(iii) *Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum*

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar eignarinnar.

b. *Erlendir gjaldmiðlar*

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar í starfrækslugjaldmiðil miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) *Erlend dótturfélög*

Eignir og skuldir erlendar starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

(iii) *Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi*

Þegar skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru notaðar til að verjast gengisáhættu vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi er gengismunur af skuldunum færður beint á eigið fé að því marki sem um virka áhættuvörn er að ræða. Gengismunur af óvirkum hluta áhættuvarnarinnar er færður í rekstrarreikning. Við sölu erlendar starfsemi er uppsafnaður gengismunur af áhættuvörnum, sem færður hefur verið meðal eigin fjár, færður í rekstrarreikning til hækkunar eða lækkunar á söluhagnaði.

c. *Fjármálagerningar*

(i) *Fjármálagerningar aðrir en afleiður*

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar, eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði við upphaflega skráningu, þó með þeim undantekningum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða nær allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða eru ógiltar.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður. Gjaldkræfur yfirdráttur í banka, sem er órjúfanlegur hluti fjárstýringar samstæðunnar, telst til handbærs fjár í sjóðstreymisýfirliti.

Í skýringu 3(k) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) *Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda*

Þegar afleiðusamningur er notaður til að verjast gengisáhættu vegna peningalegra eigna eða skulda er ekki beitt áhættuvarnarreikningsskilum heldur er hagnaður eða tap af áhættuvörninni fært í rekstrarreikning sem gengismunur.

(iii) *Hlutafé*

Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem lækkun á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og þeir færðir til lækkunar á heildareiginfé.

d. *Eignir í eigu fyrirtækisins*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

(i) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, frh.:

3. Frh.:

(ii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tölvubúnaður og áhöld	3-5 ár
Bifreiðar	5 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsgæði.

e. *Óefnislegar eignir*

(i) *Viðskiptavild*

Viðskiptavild verður til við kaup dótturfélaga.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

f. *Birgðir*

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegri starfsemi að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Kostnaður við birgðir er byggður á “fyrst inn - fyrst út” reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ásigkomulag.

g. *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

h. *Virðisrýrnun*

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar en peningalegra eigna, að undanskildum birgðum er yfirfarið á hverjum uppgjörsgæði til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður herra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða sjóðskapandi eininga er hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem herra er. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun, að frádregnum afskriftum sem hefðu verið færðar, ef engin virðisrýrnun hefði orðið.

Skýringar, frh.:

3. Frh.:

i. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingar eru ákvarðaðar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

(i) *Ábyrgðir*

Skuldbinding vegna ábyrgða er færð þegar vara eða þjónusta er seld. Skuldbindingin er byggð á fyrri reynslu vegna ábyrgða með því að veða saman mögulegar útkomur og líkur þeim tengdar.

(ii) *Íþyngjandi samningar*

Skuldbinding vegna íþyngjandi samnings er færð þegar áætlaður hagur samstæðunnar vegna samnings er lægri en óhjákvæmilegur kostnaður hennar við að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Skuldbindingin er metin sem núvirði hvors sem lægra er af kostnaði við að loka samningi eða nettókostnaði við að efna hann.

j. *Tekjur*

(i) *Seldar vörur og veitt þjónusta*

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vöru verði skilað.

k. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Vaxtagjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Allur lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

l. *Tekjuskattur*

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar, frh.:

3. Frh.:

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreiknings aðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum, og mismun sem tengist fjárfestingum í dótturfélögum að því marki sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

m. *Hagnaður á hlut*

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er ákvarðaður með því að leiðrétta fjölda virka hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

n. *Starfsþáttayfirlit*

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, sem fæst við að bjóða skyldar vörur eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða fæst við að bjóða skyldar vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er háður áhættu og ávinningi sem er ólík áhættu og ávinningi af öðrum starfsþáttum. Aðal starfsþáttayfirlit félagsins er samkvæmt rekstrarstarfsþáttum.

o. *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir*

Eftirfarandi staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi í árslok 2006 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings.

- IFRS 7 *Fjármálagerningar: Skýringar og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: Eiginfjárskýringar:* Krafist er ítarlegra upplýsinga um mikilvægi fjármálagerninga fyrir fjárhagsstöðu og afkomu félags og efnislegra og tölulegra skýringa á eðli og umfangi áhættu. IFRS 7 og breytingar á IAS 1 gilda um ársreikning samstæðunnar 2007, en í þeim er krafist ítarlegri skýringa um fjármálagerninga og hlutafé.
- IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29 um *Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir* tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.
- IFRIC 8 *Gildissvið IFRS 2 um Eignarhlutatengdar greiðslur tekur til reikningsskilaaðferða eignarhlutatengdra greiðslna* þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 9 *Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC 9 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 og mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 10 *Árshlutareikningar og virðisrýrnun* bannar bakfærslu virðisrýrnunar viðskiptavildar fjárfestinga í eiginfjargerningum eða fjáreigna sem færð er við kostnaðarverði sem er færð í árshlutareikningi. IFRIC 10 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Ákveðnar reikningsskilaaðferðir og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í viðeigandi skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsverð. Markaðsverð fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í armslengdarviðskiptum milli viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði tækja og innréttinga byggist á markaðsverði sambærilegra eigna.

(ii) *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir aðrar en viðskiptavild eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma sem greinist þannig:

Leyfisgjöld	Nýtingartími 2 ár
-------------------	----------------------

(iii) *Birgðir*

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í eðlilegum viðskiptum að frátöldum kostnaði sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

(iv) *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörssdegi.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit eru birtar eftir sviðum annars vegar og eftir landssvæðum hins vegar. Ítarlegt starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir, taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta á rökrænan hátt. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum samanstanda mestmegnis af tekjuskapandi eignum, vaxtaberandi lánum, lántöku og útgjöldum, og af sameiginlegum eignum og gjöldum.

Rekstrarstarfsþættir

Vörur og tengd þjónusta - vörusala til almennings og fyrirtækja og tengd þjónusta.

Vörur innifela sölu á vél- og hugbúnaði en þjónusta felur í sér þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Landsvæðisskipting

Við framsetningu upplýsinga á grundvelli landsvæðisstarfsþátta eru starfsþáttatekjur og starfsþáttaeignir byggðar á landfræðilegri staðsetningu samstæðufélaganna.

Skýringar, frh.:

5. Frh.:

Starfspættir eftir sviðum 2006

	Vörur	Þjónusta	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila:				
Seldar vörur og þjónusta	9.735.398	3.346.900	0	13.082.298
Aðrar tekjur	9.279	7.480	0	16.759
Tekjur frá þriðja aðila samtals	9.744.677	3.354.380	0	13.099.057
Tekjur innan samstæðunnar		40.981	(40.981)	0
Heildartekjur	9.744.677	3.395.361	(40.981)	13.099.057
Rekstrargjöld starfspáttá	(9.727.796)	(3.144.937)	40.981	(12.831.752)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	16.881	250.424	0	267.305
Afskriftir	(47.819)	(37.509)	0	(85.328)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	(30.938)	212.915	0	181.977
Hrein fjármangsgjöld				(92.071)
Tekjuskattur				(13.741)
Hagnaður ársins				76.165
Eignir starfspáttá	2.365.647	1.328.101	0	3.693.748
Óskiptar eignir				2.450.089
Eignir samtals				6.143.837
Skuldir starfspáttá	1.528.037	1.096.907	0	2.624.944
Óskiptar skuldir				1.740.642
Skuldir samtals				4.365.586

Starfspættir eftir sviðum 2005

	Vörur	Þjónusta	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila:				
Seldar vörur og þjónusta	8.900.517	2.588.507		11.489.024
Aðrar tekjur	14.021	12.971	0	26.992
Tekjur frá þriðja aðila samtals	8.914.538	2.601.478	0	11.516.016
Tekjur innan samstæðunnar		31.079	(31.079)	0
Heildartekjur	8.914.538	2.632.557	(31.079)	11.516.016
Rekstrargjöld starfspáttá	(8.711.853)	(2.455.745)	31.079	(11.136.519)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	202.685	176.812	0	379.497
Afskriftir	(30.548)	(45.679)	0	(76.227)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	172.137	131.133	0	303.270
Hrein fjármangsgjöld				(47.375)
Áhrif hlutdeildarféлага				876
Tekjuskattur				(42.135)
Hagnaður ársins				214.636
Eignir starfspáttá	2.076.677	633.459	0	2.710.136
Óskiptar eignir				2.223.920
Eignir samtals				4.934.056
Skuldir starfspáttá	1.355.911	578.670	0	1.934.581
Óskiptar skuldir				1.534.372
Skuldir samtals				3.468.953

Skýringar, frh.:

5. Frh.:

Landssvæðaskipting 2006	Ísland	Svíþjóð	Danmörk	Samtals
Rekstrartekjur	3.248.059	6.886.155	2.964.843	13.099.057
Rekstrargjöld án afskrifta	(3.148.335)	(6.744.195)	(2.939.222)	(12.831.752)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	99.724	141.960	25.621	267.305
Afskriftir	(6.146)	(58.387)	(20.795)	(85.328)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	44.152	(111.576)	(24.647)	(92.071)
Tekjuskattur	(24.791)	5.392	5.658	(13.741)
Hagnaður (tap) ársins	112.939	(22.611)	(14.163)	76.165
Eignir landssvæða	1.005.179	4.041.658	1.097.000	6.143.837

Landssvæðaskipting 2005

Rekstrartekjur	3.495.331	6.232.803	1.787.882	11.516.016
Rekstrargjöld án afskrifta	(3.321.366)	(6.096.639)	(1.718.514)	(11.136.519)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	173.965	136.164	69.368	379.497
Afskriftir	(8.118)	(56.752)	(11.357)	(76.227)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	61.816	(94.268)	(14.047)	(46.499)
Tekjuskattur	(43.584)	16.020	(14.571)	(42.135)
Hagnaður ársins	184.079	1.164	29.393	214.636
Eignir landssvæða	1.026.130	3.043.710	864.216	4.934.056

Laun og launatengd gjöld

	2006	2005
6. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	2.347.395	1.916.782
Launatengd gjöld	890.292	742.588
Laun og launatengd gjöld samtals	3.237.687	2.659.370
Starfsmannafjöldi að meðaltali miðað við heilsársstörf	453	421
7. Laun til stjórnenda samstæðunnar vegna starfa fyrir félög í samstæðunni greinast þannig:		
Gylfi Árnason, forstjóri	20.424	18.160
Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður	2.207	650
Skúli Valberg Ólafsson, varaformaður	1.104	1.275
Bjarni Birgisson, stjórnarmaður	1.104	325
Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarmaður	1.104	325
Örn Karlsson, stjórnarmaður	1.104	325
Framkvæmdastjóri fjármála og þrír forstjórar dótturfélaga	58.260	59.591

Skýringar, frh.:

8. Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2006	2005
Endurskoðun ársreiknings	10.424	7.915
Könnun árshlutareikninga	2.231	1.829
Önnur þjónusta	3.259	7.581
Þóknanir til endurskoðenda samtals	<u>15.914</u>	<u>17.325</u>
Þar af þóknun til annarra en KPMG á Íslandi	<u>9.512</u>	<u>7.922</u>

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

9. Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur	24.991	14.397
Gengismunur	1.064	0
Söluhagnaður eignarhluta	0	15.028
Fjármunatekjur samtals	<u>26.055</u>	<u>29.425</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af bankalánum	(75.900)	(45.560)
Gengismunur	0	(1.877)
Önnur vaxtagjöld	(42.226)	(29.363)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(118.126)</u>	<u>(76.800)</u>
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(92.071)</u>	<u>(47.375)</u>

Tekjuskattur

10. Virkt skatthlutfall:

		2006		2005
Afkoma fyrir skatta		<u>89.906</u>		<u>256.771</u>
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	18,0%	16.183	18,0%	46.219
Áhrif annarra skatthlutfalla erlendis	(1,8%)	(1.587)	2,6%	6.762
Hlutdeild í afkomu	(1,0%)	(855)	0,0%	0
Ófrádráttarbær kostnaður og yfirfæránlegt tap	0%	0	(4,2%)	(10.846)
Tekjuskattur samtals	15,3%	<u>13.741</u>	16,4%	<u>42.135</u>

Skýringar, frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Tölvubúnaður og áhöld	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1.1. 2005	134.836	6.755	141.591
Viðbót á árinu 2005	58.021	8.975	66.996
Yfirtekið í samstæðu	4.453		4.453
Selt á árinu 2005	(2.432)	(1.716)	(4.148)
Gengismunur	(18.187)		(18.187)
Afskrifað á árinu 2005	(51.595)	(1.999)	(53.594)
Bókfært verð 31.12 2005	125.096	12.015	137.111
Heildarverð 31.12.2005	287.397	17.429	304.826
Afskrifað áður	(162.301)	(5.414)	(167.715)
Bókfært verð 31.12.2005	125.096	12.015	137.111
Viðbót á árinu 2006	54.594	0	54.594
Selt á árinu 2006	(1.674)	(4.458)	(6.132)
Gengismunur	34.329		34.329
Afskrifað á árinu 2006	(60.968)	(2.522)	(63.490)
Bókfært verð 31.12 2006	151.377	5.035	156.412
Heildarverð 31.12.2006	349.021	10.112	359.133
Afskrifað samtals 31.12.2006	(197.644)	(5.077)	(202.721)
Bókfært verð 31.12.2006	151.377	5.035	156.412
Afskriftahlutföll	20-33%	20%	

Í árslok 2006 nam váttryggingarverðmæti tölvubúnaðar og áhalda samstæðunnar 474 millj. kr. og vörubirgða 569 millj.kr.

12. Afskriftir samstæðunnar í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2006	2005
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	63.490	53.594
Niðurfærsla óefnislegra eigna, sbr. skýringu 13	21.838	22.633
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	85.328	76.227

Skýringar, frh.:

Óefnislegar eignir

13. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Leyfisgjöld	Samtals
Bókfært verð 1.1. 2005	2.098.657	40.672	2.139.329
Viðbót á tímabilinu	148.004	10.579	158.583
Gengismunur á tímabilinu	(291.597)	(5.421)	(297.018)
Afskrifað á tímabilinu	0	(22.633)	(22.633)
Bókfært verð 1.1.2006	1.955.064	23.197	1.978.261
Viðbót á tímabilinu	42.266	0	42.266
Gengismunur á tímabilinu	574.718	4.846	579.564
Afskrifað á tímabilinu	0	(21.838)	(21.838)
Bókfært verð 31.12 .2006	2.572.048	6.205	2.578.253

Í lok reikningsársins voru framkvæmd virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaþrósentu sem samsvarar vagnu meðaltali fjármagnskostnaðar þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangverð viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda. Samkvæmt niðurstöðum prófanna í árslok 2005 hefur viðskiptavildin ekki orðið fyrir virðisrýrnun.

Viðskiptavild greinist með eftirfarandi hætti:

Kerfi AB, Svíþjóð	2.112.932
Kerfi A/S, Danmörk	397.703
Opin kerfi ehf.	61.413
	<u>2.572.048</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum

14. Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Fjölnet ehf., Sauðárkróki	2,6%	1.250	1.250
Eignarhlutir í tveimur öðrum félögum			264
Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum samtals			<u>1.514</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

Viðskiptakröfur	2.614.837	1.976.482
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(49.568)	(36.785)
Ýmsar skammtímakröfur	265.784	334.155
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>2.831.053</u>	<u>2.273.852</u>

Eigið fé

16. Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 209 millj.kr. í árslok 2006. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Skýringar, frh.:

Tekjuskattskuldbinding

17. Breyting tekjuskattsskuldbindingar (skatteignar) samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	2006	2005
Tekjuskattskuldbinding (skatteign) í ársbyrjun	5.463 (1.824)
Tekjuskattur vegna ársins	13.741	42.135
Gengismunur	(1.299)	(1.271)
Tekjuskattur til greiðslu	(11.175)	(33.577)
Tekjuskattskuldbinding í árslok	<u>6.730</u>	<u>5.463</u>
Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði:		
Óefnislegar eignir	11.696	7.778
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.406 (350)
Eignarhlutir í öðrum félögum	(4.749)	(4.749)
Viðskiptakröfur	(1.623)	3.030
Reiknuð skattskuldbinding vegna liða í efnahagsreikningi	6.730	5.709
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0 (246)
Tekjuskattskuldbinding í árslok	<u>6.730</u>	<u>5.463</u>

Langtímaskuldir

18. Langtímaskuldir í lok ársins greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	2006		2005	
	Meðalvxt.	Eftirstöðvar	Meðalvxt.	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:				
Lán í SEK	4,6%	1.341.351	3,30%	1.183.281
Lán í DKK	5,7%	53.744	5,65%	50.655
Lán í ISK	7,2%	18.536	0,00%	0
		<u>1.413.631</u>		<u>1.233.936</u>
Næsta árs afborgun		(236.292)		(179.458)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals		<u>1.177.339</u>		<u>1.054.478</u>

19. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	2006	2.005
Árið 2006	0	179.458
Árið 2007	236.292	179.458
Árið 2008	288.506	221.182
Árið 2009	170.837	123.169
Árið 2010	708.940	530.669
Árið 2011	6.624	0
Síðari afborganir	2.432	0
	<u>1.413.631</u>	<u>1.233.936</u>

Skýringar, frh.:

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:

Viðskiptaskuldir	1.318.915	1.049.951
Skattar ársins	45.983	6.469
Aðrar skammtímaskuldir	1.161.696	982.233
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>2.526.594</u>	<u>2.038.653</u>

Dótturfélög

21. Í árslok voru dótturfélög samstæðunnar fjögur, þau eru eftirfarandi:

	Eignarhlutur
Opin kerfi ehf., Íslandi	100%
Opin kerfi eignarhaldsfélag ehf., Íslandi	100%
Opin Kerfi Sweden - Kerfi AB, Svíþjóð	100%
Kerfi A/S, Danmörk	100%

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

22. Ábyrgðarskuldbindingar samstæðunnar í árslok 2006 nema 340 millj. kr. og veðsetning í lausafé Kerfi AB til Nordea bank nemur 138 millj. kr. í árslok 2006.

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.341 millj. kr.

Kennitölur

23. Helstu kennitölur úr rekstri og efnahag samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2006	2005
Rekstur:		
Heildartekjur	13.099.057	11.516.016
EBITDA	267.305	379.497
EBIT	181.977	303.270
EBT	89.906	256.771
Hagnaður ársins	76.165	214.636
Efnahagur:		
Veltufjórhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,07	1,17
Eiginfjórhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	28,9%	29,7%
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé	8,51	7,01
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli - hagnaður / eigið fé	5,2%	15,5%

Óendurskoðuð yfirlit

Ársfjórðungayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	Samtals
Árið 2006					
Rekstrartekjur	3.924.655	2.722.313	3.342.996	3.109.093	13.099.057
Rekstrargjöld án afskrifta	(3.834.457)	(2.688.137)	(3.312.768)	(2.996.390)	(12.831.752)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	90.198	34.176	30.228	112.703	267.305
Afskriftir	(20.757)	(22.301)	(22.905)	(19.365)	(85.328)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	69.441	11.875	7.323	93.338	181.977
Hrein fjármagnsgjöld	(10.612)	(31.987)	(33.717)	(15.755)	(92.071)
Hagnaður fyrir skatt (EBT)	58.829	(20.112)	(26.394)	77.583	89.906
Tekjuskattur	(15.210)	6.558	10.036	(15.125)	(13.741)
Hagnaður tímabilsins	43.619	(13.554)	(16.358)	62.458	76.165
EBITDA hlutfall	2,3%	1,3%	0,9%	3,6%	2,0%
Árið 2005					
Rekstrartekjur	3.509.541	2.371.010	2.964.628	2.670.837	11.516.016
Rekstrargjöld án afskrifta	(3.334.295)	(2.343.485)	(2.896.696)	(2.562.043)	(11.136.519)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (e. EBITDA)	175.246	27.525	67.932	108.794	379.497
Afskriftir	(19.483)	(18.434)	(18.675)	(19.635)	(76.227)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	155.763	9.091	49.257	89.159	303.270
Hrein fjármagnsgjöld	(2.803)	(14.161)	(14.203)	(16.208)	(47.375)
Áhrif hlutdeildarféлага	876	0	0	0	876
Hagnaður fyrir skatt (EBT)	153.836	(5.070)	35.054	72.951	256.771
Tekjuskattur	(25.140)	5.329	(6.688)	(15.636)	(42.135)
Hagnaður tímabilsins	128.696	259	28.366	57.315	214.636
EBITDA hlutfall	5,0%	1,2%	2,3%	4,1%	3,3%